



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMRÁÐSPING Í BÚTAN** **LOFTSLAGSBREYTINGAR Á HIMALAJASVÆÐINU** **NORÐURSLÓÐIR FYRIRMYND UM SAMVINNU**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun, fimmtudaginn 5. febrúar, setningarræðu á samráðsþingi sem haldið er í Bútan um hætturnar sem hraðar loftslagsbreytingar skapa á Himalajasvæðinu og þá lærdóma sem farsæl og vaxandi samvinna ríkja á Norðurslóðum getur fært þjóðunum í þessum heimshluta.

Samráðsþingið sækja vísindamenn, sérfræðingar og embættismenn frá Indlandi, Kína, Pakistan, Afganistan, Nepal, Bangladess, Mjanmar og Bútan. Auk þess taka ýmsir sérfræðingar og umhverfissinnar frá Evrópu og Bandaríkjunum þátt í þinginu. Forseti er verndari þess og hefur á undanförunum misserum haft frumkvæði að því ásamt öðrum að þróa þessa samvinnu.

Umræður á þinginu munu m.a. byggjast á niðurstöðum málstofa sem haldnar voru á fyrsta þingi Hringborðs Norðurslóða, Arctic Circle, í Reykjavík haustið 2013 og umhverfisráðstefnunni Third Pole Environmental Workshop sem haldin var á Íslandi í boði forseta og Háskóla Íslands árið 2011.

Samráðsþingið er haldið í samvinnu við konung Bútans Jigme Khesar Namgyel Wangchuck og ríkisstjórn landsins. Forseti átti í gær fund með forsætisráðherra Bútans, Tshering Tobgay þar sem m.a. var rætt um að þróa frekar samvinnu á Himalajasvæðinu og nýta í því sambandi

reynslu ríkjanna á Norðurslóðum. Þá lýsti forsætisráðherrann einnig áhuga á að kanna hvernig reynsla Íslendinga á sviði jarðhita, einkum með tilliti til lághitasvæða, ylraektar og fiskeldis, gæti stutt efnahagslíf og byggðapróun í Bútan. Þá gæti einnig verið gagnlegt að bera saman reynslu Bútans og Íslands í ferðapjónustu og hvernig varðveita megi best umhverfi og viðkvæma náttúru þrátt fyrir sívaxandi fjölda erlendra ferðamanna. Forsætisráðherrann lýsti áhuga á því að heimsækja Ísland til að kynna sér þessa þætti nánar.

Í setningarræðu sinni fjallaði forseti m.a. um hvernig hin hraða bráðnun jökla á Himalajasvæðinu myndi hafa í för með sér hrikalegar afleiðingar fyrir fjölda þjóða í Asíu, en helstu stórfljót álfunnar eiga upptök sín á Himalajasvæðinu. Áhrifin á vatnsbúskap, landbúnað og orkuframleiðslu geta skipt sköpum fyrir nær tvo milljarða manna, eða hátt í þriðjung mannskyns. Sá vatnsskortur sem kæmi í kjölfar bráðunar jöklanna gæti og leitt til margvíslegra átaka á svæðinu, t.d. hefur Alþjóðabankinn spáð því að Pakistan sé nærri því að fullnýta vatnslindir sínar og muni innan tíu ára þurfa 30% meira vatn til að fullnægja þörfum íbúanna fyrir landbúnaðarframleiðslu og hagþróun.

Einn fremsti jöklafræðingur Himalajasvæðisins, kínverski vísindamaðurinn Yao Tandong, hefur spáð því að með hækkandi hitastigi og samsvarandi loftslagsbreytingum muni um 40% af jöklum á Himalajasvæðinu hafa horfið um miðbik þessarar aldar og um 70% við aldarlok. Afleiðingar slíkrar þróunar yrðu hrikalegar.

Margvísleg átök og spenna hafa einkennt samskipti ríkjanna á Himalajasvæðinu á undanförunum áratugum. Því er brýn nauðsyn að efla samvinnu um rannsóknir og gagnaöflun. Í þeim efnum er þróun samstarfs á Norðurslóðum mikilvæg fyrirmynd en samvinna vísindamanna lagði á sínum tíma grundvöll að stofnun Norðurskautsráðsins. Bæði Indland og Kína eiga nú ásamt fleiri þjóðum í Asíu áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og er vaxandi áhugi á þeim lærdómum sem árangur samvinnu á Norðurslóðum getur fært þjóðunum á Himalajasvæðinu.

Forseti sótti í gær vinnufund vísindamanna sem nú vinna að undirbúningi skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi, mannlíf og efnahagsþróun þjóðanna á Himalajasvæðinu. Skýrslurnar sem unnar voru í formannstíð Íslands í Norðurskautsráðinu um loftslagsbreytingar og samfélagsþróun á Norðurslóðum eru ásamt öðru vísindasamstarfi á vegum Norðurskautsráðsins á ýmsan hátt fyrirmynd þessa verkefnis sem stýrt er af rannsóknarstofnuninni ICIMOD sem aðsetur hefur í Nepal.

*Ræðu forseta og myndir má nálgast á heimasíðu embættisins.*

*5. febrúar 2015*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson  
skrifstofustjóri (820 4946).*